

Epikúros frá Samos

Epikúros vaar fæddur f. 341 fyrir Krist og lést um 270. Svo mælti hann m.a.: „Gestur! Hér munt þú kunna vel við þig; hér býr ánægjan, sem er æðst allra gæða!“.....utan um hann hnappaðist brátt hópur lærisveina, karla og kvenna..... (s. 284).....sá eins og var, að fáir eða jafnvel engir kunnu að lifa lífinu hræðslu- og áhyggjulaust, hvað þá heldur, að þeir kynnu að stund (s. 285) hamingju sína réttilega. Allt spekistarf Epíkúrs var eins konar lausnarstarf. Hann vildi....reyna að leysa menn af öllum ótta og kvíða. En það, sem óttuðust einna helst í þá daga, var á annan bóginn óttinn við duttlunga goðanna, er svo oft virtust gjör mennina að leiksoppi sínum, en á hinn bóginn óttinn við náttúruna, er virtist binda menn á klafa eðlisnauðsynjarinnar. Þá voru það ekki hvað sízt ógnir undirheima, sem alþýða manna óttaðist.....Stofnuðu þeir nokkurs konar bræðralög víðs vegar um lönd, sem frægu urðu fyrir samheldni sína og hjálpfýsi og stóðu fram á 4. Og jafnvel 5. Öld e.Kr., en kristnir menn ofsóttu og tókst að uppræta að síðustu.“ (s. 286) (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s.

„Annað hvort vill guð stemma stigu fyrir hinu illa og getur það ekki eða hann getur það og vill það ekki, eða hvorki getur hann það né vill það, eða hann bæði getur það og vill það. Ef hann vill það og getur það ekki, þá er hann ómáttugur og enginn guð; ef hann getur það og vill það ekki, þá er hann öfundsjúkur eða annað verra, en það er ekki guði sæmandi; ef hann hvorki getur það né vill það, á er hann bæði ómáttugur og öfundsjúkur, og þá er hann enginn guð; en ef hann bæði vill það og getur það, - hvaðan stafar þá allt hið illa, sem til er í heiminum, og hvers vegna stemmir hann ekki stigu fyrir því? – af þeirri staðreynd, að svo margt illt og ófullkomið sé til í heiminum, dregur svo Epikúr þá ályktun, að ekki geti verið, að guð hafi skapað heiminn.“ (s. 287)

„Er heimurinn orðinn til fyrir eðlisnauðsyn efniseindanna og hið þráðbeina fall þeirra í (s. 287) í tómu rúminu, eins og Demókrít hélt fram? Sé svo, þá er allt bundið á klafa eðlisnauðsynjarinnar og maðurinn eins og allt annað algjörlega ófrjáls og háður eðlisnauðsyninni? En þá getur ekki lengur verið um neina siðspeki eða heillakenning að ræða, því að þá getur maðurinn ekki haft neitt frjálsræði til að bera né heldur tilgang, er hann geti stefnt að í lífi sínu.....Hann telur ekki aðeins, eins og Demókrít, tvær orsakir að upprunaheimsins, þyngd efniseindanna og fall þeirra í hinni miklu auðn, heldur getur hann þeim eitthver innra afl, er valdið geti viðviki nokkru frá stefnu þeirri, er hinar ytri orsakir valdi, þannig að efnisagnirnar detti ekki þráðbeint í auðninni, heldur nokkur skáhallt, svo þær geti rekist hver á aðra, samlagast hver annarri eftir innra eðli sínu og framleitt mismunandi hluti.....og þetta innra afl þeirra átti að vera undirstaðan undir frjálsræði viljans hjá mönnum og skepnum.“ (s. 288)

„.....hugsaðisér alheiminn og allt, sem í honum er, orðið til úr mismunandi efniseindum á þann hátt, að hinar ytri og innri orsakir efniseindanna störfuðu í sífellu að því að framleiða hinar mismunandi efnismyndir og lífsmyndir. Hugði hann, að þróun og hnignun skiptust á, að heimskerfin gjörðu ýmist að myndast eða leysast upp í alheimsauðninni, jafnframt því sem nýjar og nýjar lífsmyndir kæmu í ljós og hyrfu. „ (s. 289)

„Heimur sá, sem vér lifum í, er eitt hinna mörgu heimskerfa, sem orðin eru til fyrir þróun efnisins. Í heimi þessum er maðurinn og allar lífverur orðnar til með eðlilegum hætti, svo og allir helztu eiginleikar mannsins, skynjun hans, skynsemi og frjálsræði. Skynjunin er undirrót þekkingar, eins og frjálsræðið er undirrót allrar breytni hans og heilla. Hyggur Epíkúr líkt og Demókrít, að skynjunin spretti af smágjörvum eftirmyndum hlutanna.....“ (s. 289)

„.....andlegu nautnum, sem hann álítur mun betri en líkamlegu nautnirnar, með því að þær séu bæði hreinni og varanlegri. Þar telur hann fyrsta ánægju þá, er maðurinn hafi af skynsemisnotkun sinni í skemmtandi og fræðandi viðræðum við aðra; þá ánægju þá, er menn geti haft af því að rifja upp fyrir sér unaðslegur endurminningar, og loks ánægju þá, sem af því sprettur að ástunda dyggðirnar.....En það er eins og menn eigi svo örðugt með að skilja þetta, því að oftast eru þeir að einhverju leyti óánægðir, gleymnir á það góða, er þeim hefur hlotnast í fortíðinni, og annaðhvort síkvíðandi fyrir því eða sífíknir það, sem framtíðin kann að bjóða. En fyrir þetta verður líf þeirra ófarsælt. Hversu miklu farsælla myndi það nú ekki vera, ef menn yndu hinni líðandi stund, gjörðu sér far um að gleyma engu af því, sem verið hefði þeim til yndis, og kæfðu niður í sér kvíðann og (s. 292) fíknina. Einkum ættu menn þó að temja sér þá list að minnast sælustunda sinna. Það er yndi, sem ekki verður frá manni tekið og getur hjálpað mönnum til að sigrast á líkamlegum kvölum.“ (s. 293)

„,Takmarkið er að þjáðst ekki á líkamanum og óróast ekki á sálunni. – Og þegar menn einu sinni eru búnir að öðlast heilbrigði á líkamanum og geðró í sál sína, þá slotar öllum ofviðrum hennar.““ (s. 294)

„.....Epíkúr mun hafa verið með þeim fyrstu, er héldu þeirri kenningu fram, að þjóðfélagið hvíldi á „hagsmunasamningi,“ sem er í því fólgin, að vér vinnum ekki hver öðrum mein.“ (s. 295)

„Hann taldi vináttuna eitthvert (s. 295) helzta skilyrðið fyrir vináttu manna og hamingju, og því segir hann: - „Af öllum þeim gæðum, sem vizkan býr farsæld vorri til handa, er vináttan bezt,“ – því að vinurinn ber umhyggju fyrir oss; hann berst með oss í lífsbaráttunni og eykur á gleði vora. Þess vegna segir hann og : - „Án vináttunnar getum vér ekki á neinn hátt notið varanlegrar né tryggilegrar farsældar. En á hinn bóginn getum vér ekki varðveitt vináttuna, nema vér elskum vini vora eins og sjálfa oss.“ – „Hinn spaki maður lætur jafnvel lífið fyrir vini sína.“ (s. 296)